

Fréttabréf til stofnaðila

Helstu tíðindi úr starfsemi Austurbrúar mars 2015

Jóna Árný Þórðardóttir og Jón Knútur Ásmundsson



Fréttir af innleiðingaráætlun

Eitt af megin verkefnum Austurbrúar á árinu 2015 er að innleiða nýtt skipulag í samræmi við tillögur starfsháttanefndar sem kynntar voru á framhaldsársfundi 30. september 2014. Þessar breytingar gera skipulag Austurbrúar mun sveigjanlegra, fagþekking nýtist betur auk þess sem möguleikar til þverfaglegrar samvinnu verða fleiri. Markmiðið er sem fyrr að Austurbrú verði aðili sem ríki, sveitarfélög, hagsmunaaðilar og íbúar geta leitað til með verkefni og einföldun stoðkerfis landshlutans í samræmi við áherslur hins opinbera. Tillögur starfsháttanefndar er að finna á heimasíðu Austurbrúar hér: <http://www.austurbru.is/is/um-austurbru/stjorn-og-fagrad-austurbruar/fundargerdir-arsfunda>

Eftirfarandi yfirlit segir frá helstu verkþáttum innleiðingaráætluninnar og hvernig þeir standa. Flestir starfsmenn koma að þessari vinnu.

Greining verkefna, verk- og þjónustupátta

- *Lýsing:* Greina þarf verkefni Austurbrúar og búa til verkflokunarkerfi sem staðsetur verk í verkefnaflokk (kjarnaverkefni, tímabundin verkefni, SSA verkefni og skilgreind verkefni stoðþjónustu) og gefur þeim verknúmer sem talar við bókhaldið, eins einfalt og hægt er en samt nægilega sundurliðað til að halda nauðsynlegu gagnsæi.
- *Ábyrgð:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra vinnur að verkefninu og notar til þess m.a. skýrslur úr dk (verkbókhald Austurbrúar).
- *Staðan:* Verkþáttagreining hefur verið birt. Þetta er rammi sem mun verða þróaður áfram á þessu ári.

Samræming verk- og kostnaðarbókhalds

- *Lýsing:* Nauðsynlegt er að koma því á að verkbókhald, kostnaðarbókhald sé tengt við verknúmer svo hægt sé að fylgjast með kostnaðarframvindu hvers verkefnis.
- *Ábyrgð:* Verkefnisstjóri fjármála og bókhalds vinnur þetta í samvinnu við teymið sem vinnur að greiningu verkefna sem lýst er hér að ofan.
- *Staðan:* Verkbókhald er virkt og búið að tengja það fjárhagsbókhaldi. Starfsmenn eru farnir að færa tímána sína beint á verk í verkbókhald. Næsta skref er að færa inn janúar og febrúar mánuð sem voru færðir í Excel skjöl tímabundið á meðan uppsetning á dk stóð yfir.

Innleiðing verkbókhalds

- *Lýsing:* Innleiða notkun starfsmanna á verkbókhaldi og verkskráningu skv. nýju kerfi.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri var skipaður yfir verkefninu og hann sér um handleiðslu og innleiðingu.
- *Staðan:* Starfsmenn hafa fengið grunnþjálfun á notkun DK og eru byrjaðir að færa inn í verkbókhaldið. Næsta skref er að bregðast við reynslu starfsmanna af notkun kerfisins m.t.t. þess að gera það eins einfalt og hægt er.



Starfslýsingar

- *Lýsing:* Starfslýsingar þurfti að taka til endurskoðunar og eftir atvikum gera nýja ráðningasamninga.
- *Ábyrgð:* Unnið af framkvæmdastjóra í samvinnu við trúnaðarmann.
- *Staðan:* Almenn starfslýsing verkefnastjóra liggur fyrir ásamt verkefnayfirliti þar sem fram kemur hverjir eru ábyrgðaraðilar yfir hvaða verkefni. Næsta skref er að klára viðbætur við ráðningarsamninga sem taka tillit til breytts skipurits.

Launakjör starfsmanna

- *Lýsing:* Tekið saman yfirlit yfir launakjör starfsmanna. Vinnulag og málefni tengd skráningu vinnutíma tekið saman. Mikilvægt að allir starfsmenn séu samstíga varðandi skráningu.
- *Ábyrgð:* Vinnan er í höndum trúnaðarmanns, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra.
- *Staðan:* Búið er að setja á blað sameiginlega skilning um skráningu vinnutíma sem unnin var á fundi allra starfsmanna í byrjun febrúar. Hafa þessar reglur verið gefnar út og verða í framtíðinni hluti af starfsmannahandbók.

Upplýsingaflæði

- *Lýsing:* Annars vegar er um að ræða upplýsingaflæði á milli starfsmanna og svo út á við til stofnaðila, fjölmiðla og almennings.
- *Ábyrgð:* Stjórnendateymi Austurbrúar vinnur að verkefninu í samvinnu við verkefnastjóra kynningarmála hjá Austurbrú.
- *Staðan:* 2. Fréttabréf stofnaðila er núna að fara út og er reiknað með að þriðja fréttabréfið verði gefið út um miðjan maí. Stjórnendateymi heldur vikulega fundi og er í framhaldinu af þeim dreift upplýsingum á innri vefsíðu er tengist ut anumhaldi um innleiðingarátætlun. Reglubundnir fundir með öllum starfsmönnum í gegnum Lync eru að komast af stað en einnig er stefnt að því að hafa fundi með öllum starfsmönnum fjórum sinnum á ári.

Verkferlar fyrir sértæk verkefni

- *Lýsing:* Verklag um það hvernig ný verkefni eru stofnuð og allar upplýsingar skráðar.
- *Ábyrgð:* Vinnan er unnin af teymi starfsmanna undir verkstjórn yfirverkefnastjóra.
- *Staðan:* Komin er tillaga að verkferli um ný verkefni sem kynnt var á starfsmannafundi. Er í frekari mótun.

Verkferlar fyrir kjarnaverkefni

- *Lýsing:* Verklag um það hvernig kjarnaverkefni eru stofnuð og upplýsingar skráðar.
- *Ábyrgð:* Vinnan er unnin af teymi starfsmanna undir verkstjórn yfirverkefnastjóra.
- *Staðan:* Komin er tillaga að verkferli um ný verkefni sem kynnt var á starfsmannafundi. Er í frekari mótun.



Endurskoða og bæta verklagsreglur stjórnar

- *Lýsing:* Þetta verkefni snýr að formfestingu samskipta við fagráð, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra. Tryggja þarf að sitjandi formaður SSA verði ekki kjörinn formaður stjórnar Austurbrúar.
- *Ábyrgð:* Unnið af teymi stjórnarmanna undir forystu eins.
- *Staða:* Verklagsreglur hafa verið settar fram til kynningar en liggur til samþykktar á næsta fundi stjórnar.

Verklagsreglur um faglegar úthlutunarstjórnir

- *Lýsing:* Um verksvið úthlutunarstjórna og verkaskiptingu milli þeirra og stjórnar/framkvæmdastjóra Austurbrúar.
- *Ábyrgð:* Teymi stjórnarmanna undir forystu eins.
- *Staða:* Verklagsreglur í vinnslu hjá úthlutunarráði og fagráðum.

Reglur um ábyrgð og hlutverk formanns SSA og verkefnastjóra SSA

- *Lýsing:* Verklagsreglur mótaðar um aukna ábyrgð formanns SSA og verkaskiptingu hans og verkefnastjóra SSA hjá Austurbrú.
- *Ábyrgð:* Unnið af formanni stjórnar SSA og framkvæmdastjóra Austurbrúar.
- *Staða:* Í vinnslu hjá SSA.

Fjármál

Þetta tekur til nokkurra liða:

Húsnæði - Vonarland

- *Lýsing:* Gerður verði nýr leigusamningur vegna húsnæðisins á Vonarlandi sem styður við hlutverk Austurbrúar og passar við aðstæður stofnunarinnar á árinu 2015.
- *Ábyrgð:* Verkefnisstjóri reikningsskila og framkvæmdastjóri.
- *Staða:* Tillaga að nýjum leigusamningi liggur fyrir til umræðu innan stjórnar og er reiknað með að afstaða verði tekin til hennar á næsta fundi.

Uppsetning fjárhagsbókhalds

- *Lýsing:* Gengið verði frá uppsetningu fjárhagsbókhald til að styðja við skýrslugjöf og greiningu kostnaðar.
- *Ábyrgð:* Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála vinna að þessu í samvinnu við framkvæmdastjóra.
- *Staða:* Verkbókhald kom inn um miðjan mars. Unnið er að færslu bókhalds niður á verkefni og reiknað með að 3 mánaða uppgjör geti verið tilbúið um miðjan maí.

Upplýsingagjöf vegna fjármála

- *Lýsing:* Gerðir verða verkferlar fyrir miðlun fjárhagsupplýsinga reglulega til stofnaðila.



- *Ábyrgð:* Verkefnisstjóri kynningarmála, Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála vinna að þessu í sameiningu.
- *Staðan:* Tafir hafa orðið á þeim tímasetningum sem settar voru fram í byrjun mars. Stefnt er að því að þriggja mánaða uppgjör liggja fyrir um miðjan maí.

Kostnaðargreining samninga

- *Lýsing:* Fastir samningar verði kostnaðargreindir sem grundvöllur undir endurskoðun samninga og gerð nýrra samninga á árinu 2015.
- *Ábyrgð:* Að verkinu vinna verkefnisstjóri fjármála, verkefnisstjóri reikningsskila og yfirverkefnisstjórar
- *Staðan:* Forsenda var að klára verkgreininguna og nú þarf að forgangsraða samningum til endurskoðunar og kostnaðargreiningar.

Starfsreglur og innra skipulag

- *Lýsing:* Gerðar verði innri reglur er varða símenntun starfsmanna og annað er miðar að jákvæðu og uppbyggilegu starfsumhverfi innan stofnunarinnar.
- *Ábyrgð:* Verkefnisstjóri mannauðsmála og stjórnendateymi Austurbrúar.
- *Staðan:* Í skoðun hjá verkefnisstjóra mannauðsmála.

Kostnaðareftirlit

- *Lýsing:* Búnir verði til innri verkferlar sem miða að virku kostnaðareftirliti sem aðgengilegt er öllum er starfa innan stofnunarinnar.
- *Ábyrgð:* Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála annast þessa vinnu.
- *Staðan:* Verkbókhald komið af stað og nú þarf að klára að færa inn úr Excel skjölum janúar og febrúar.

Önnur verkefni í mars

*ATH ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur stutt yfirlit yfir helstu áhersluatriði.

- 10 manns luku fagnámskeiði II fyrir starfsmenn í félags og heilbrigðisþjónustu í Neskaupstað.
- 10 manns luku íslensku fyrir útlendinga, blandaður hópur á 2. – 4. stigi í Neskaupstað.
- Uppfærsla á vísun Sjálfbærni- og verkefnisstjóra, ársfundur fyrirhugaður 6. maí.
- Byrjað að huga að Tæknidegi fjölskyldunnar sem verður laugardaginn 10. október í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað.
- Vakinn- gæðakerfi í ferðapjónustu. Austurbrú hefur umsjón með námskeiði fyrir ferðapjónustuaðila, alls eru 16 fyrirtæki skráð til þátttöku á námskeiðinu. Farið er yfir almenn viðmið gæðakerfisins, öryggisáætlanir og áhættumat og um verkferla í ferðapjónustufyrirtækjum. Verkefninu lauk í apríl.
- Unnið er að gerð fræðsluáætlunar fyrir félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, verið er að funda með starfsfólki í Félagsþjónustunni og í framhaldi verður gerð fræðsluáætlun til næstu þriggja ára.
- Undirbúningur fræðsluáætlunar fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands, um er að ræða undirbúning á fundum með starfsmönnum í þeim tilgangi að endurskoða fræðsluáætlun sem unnið hefur verið eftir seinustu þrjú ár, í vor verður gerð ný fræðsluáætlun til næstu þriggja

ára. Gerð fræðsluáætlunar HSA er fjármögnuð af Ríkismennt í verkefni sem nefnist Fræðslustjóri að láni, í þeim tilgangi að hvetja til markvissrar stefnu í starfsmannamálum.

- Hugvangur frumkvöðlasetur á Egilsstöðum var opnað í febrúar. Tilgangur þess er að bjóða frumkvöðlum sem hafa góðar hugmyndir aðstöðu og aðstoð við að koma nýjum frumkvöðlaverkefnum í framkvæmd. Einn frumkvöðull er að nýta aðstöðuna núna en aðstaðan býður upp á að tveir aðrir frumkvöðlar geti bæst við.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband sveitarfélaga á Austurlandi undirrituðu samning um sóknaráætlun Austurlands 2015 til 2019 í febrúar. Unnið var áfram að afgreiðslu sóknaráætlunar í mars þannig að hægt yrði að auglýsa eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Austurlands.
- Auglýst var eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Austurlands. Nokkrir starfsmenn Austurbrúar höfðu það hlutverk að leiðbeina umsækjendum með gerð umsókna.
- Haldið var áfram með undirbúning að opnun Upplýsingamiðstöðvar Austurlands í Húsi Handanna á Egilsstöðum.
- Fléttutöskunámskeið var haldið á Vopnafirði þar sem sjö þátttakendur lærðu að flétta töskur úr kaffipokum.
- Námskeið í Excel þar sem m.a. var farið í notkun falla, formúla, veltitafla og gerð fjárhagsáætlana var haldið á Egilsstöðum.
- Námskeið voru haldin í PowerPoint, Excel og Word á Vopnafirði.
- Námskeið var haldið í smurbrauðsgerð á Vopnafirði.
- Ferðasýningin „Austurland að Glettingi“ var skipulögð í mars og haldin þann tuttugasta og sjötta þess mánaðar.
- Hópur aðila sem mætti á ársfund Samtaka aðila í Ferðapjónustu fengu leiðsögn um svæðið frá Framkvæmdastjóra Austurbrúar þar sem farið var m.a. yfir möguleikana sem felast í ferðapjónustu og aukinni nýtingu innviða á svæðinu.
- Unnið hefur verið ötulllega við framgang flugvallarverkefnisins. Fundur var í stýrihóp verkefnisins í byrjun mánaðarins þar sem farið var yfir stöðuna á verkefninu og áhersluna næstu vikur.
- Í tengslum við hönnun áfangarstaðarins var farið á fundi víða í fjórðungnum til að kynna verkefnið og verkáætlunina.
- Birtingar á umfjöllun og auglýsingum fóru af stað í mars en þær eru hluti af birtingaráætlunarverkefni sem unnið er í samstarfi við sveitarfélögin.
- Landshlutavefurinn east.is hefur verið í rýni og frekari uppfærslu í mánuðinum auk þess sem vinna við landshlutabók fór af stað.
- Úrvinnsla á gögnum vegna rannsóknarinnar „Eyjahjartað“ hefur verið í fullum gangi en lok verkefnisins eru um miðjan maí mánuð.